



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 37/2021, og birt er á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi). Í umfjöllun um málið inni á gáttinni segir að með drögum er lagt til að nýjum staflíð verði bætt við 1. gr. laganna þar sem sett er fram markmið um að ná kolefnishlutleysi á Íslandi 2040. Kolefnishlutleysi lýsir ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því núll. Kolefnishlutleysi er lykilþáttur í Parísarsamningnum og nauðsynlegt til að ná markmiði samningsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er.

SI vísa almennt til fyrri umsagnar samtakanna frá 1. febrúar sl. um áform um frumvarp sama efnis, þ.m.t. mikilvægis þess að huga að samráði við hagsmunaaðila þegar drög að frumvarpi verða unninn á vegum ráðuneytisins. Eins og fram kemur í tilvísaðri umsögn SI, og endurspeglast m.a. athugasemdum í fyrirliggjandi drögum að frumvarpi, hafa fyrirtæki stigið jákvæð skref fram á við í breytingum á framleiðsluferlum, vörulínum, starfsháttum og öðrum þáttum í starfsemi sinni til að lágmarka áhrif á umhverfi og draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum. Því er að mati samtakanna mikilvægt að byggja ofan á reynslu fyrirtækja og draga lærdóm af þeim aðgerðum sem fyrirtæki hafa ráðist í á þessu sviði. Að sama skapi telja samtökin mikilvægt að tryggja samtal atvinnulífs og stjórnvalda til að greina hindranir sem í vegi eru og koma fram með lausnir í þeirri vegferð að stefna að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040.

Til viðbótar benda SI á að verulega skortir á frekari skýringar og umfjöllun um boðaðar breytingar í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum en ljóst er að mati samtakanna að undirbyggja þarf vandaða innleiðingu á jafn viðamiklu hugtaki og kolefnishlutleysi er í lög. Þannig þarf að huga vel að því hvernig staðið verði að mælingum og framkvæmd hvað varðar kolefnismælingar og um leið hvernig haldið verður utan um þessi mál þannig að þau teljist til loftslagsbókhalds íslenska ríkisins og fyrirtækja.

Í þessu samhengi benda SI á mikilvægi þess að svarað verði álitamálum sem enn er ósvarað í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum. Í fyrsta lagi þarf að skapa umgjörð utan um kolefnishlutleysi sem ekki má ráða að brugðist sé við í fyrirliggjandi drögum. Þá er enn ekki ljóst hvert umfang, staða og raunveruleg losun er frá landnotkun. Hér skiptir ákvörðun um grunnástand mestu máli, þ.e. hvort t.a.m. allt framræst land verði tekið inn í slíka ákvörðun um grunnstöðu óháð tíma eða eingöngu það landnæði sem framræst hefur verið eftir árin 1990 eða 2005.

Þá er ekki ljóst hvort stjórnvöld munu sjá alfarið um málefni þetta um kolefnishlutleysi eða verður gerð krafa á einstök fyrirtæki að ná boðuðu kolefnishlutleysi. Telja SI mikilvægt að umfjöllun verði um slíkt í boðuðu frumvarpi.



Einnig benda SI á að með öllu er ósvarað hvernig framkvæmd, fyrirkomulag og eftirfylgni með kröfum um kolefnishlutleysi verður fjármagnað. Er hér um að ræða verulega forsendu þess að lögbinda slíka skilgreiningu.

Til viðbótar skortir alla umræðu um hvernig staðið verði að vottun gagnvart þeim fyrirtækjum sem fara í þá vegferð að ná kolefnishlutleysi og hvernig unnt sé að gera slíkt á ábyrgan hátt, þ.e. að hljóta staðfestingu á því ferli og árangri.

Að gefnu tilefni telja SI einnig ástæðu að áréttu mikilvægi þess að áður en boðuð breyting verði lögð fyrir Alþingi og bundin í lög að fyrir liggja skýr túlkun og skilgreining á kolefnisjöfnun og -hlutleysi. Í því samhengi vísa SI til yfirstandandi vinnu Loftslagsráðs og Staðlaráðs Íslands sem hefur það að markmiði að stuðla að sammæli um aðferðir við mælingar og útgáfu kolefniseininga, miðlæga skráningu á útgáfu þeirra og sammæli um ábyrgar yfirlýsingar um kolefnisjöfnun á samkeppnismarkaði. Í þeirri vinnu verður einnig farið í greiningu á helstu áskorunum, þörfum og framtíðarsýn á sviði kolefnisjöfnunar unnin.

Samtökin telja framlagningu frumvarpsins því ótímabæra þar til niðurstaða liggur fyrir úr vinnu Loftslagsráðs og Staðlaráðs Íslands og bætt sé við umfjöllun um þau álitamál sem að framan er getið og ósvarað er í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum. Er ljóst að þessi álitamál, og um leið úrlausn þeirra, leggja mikilvægan grunn að þeirri breytingu sem lögð er til í fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum og telja samtökin að afurð þessarar vinnu sem og lausn áður nefndra álitamála muni auka á skýrleika þeirra breytinga sem þar eru lögð til sem og eftirfylgni með þeim.

Samtökin gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir um mál þetta að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', written over a horizontal line.

Lára M. K. Ólafsson,  
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála